

RS

Fræðslu- og kynningarefni í sjávarútvegi styrkt af sjóðnum

Rannsóknarsjóður sildarútvegsins

Fræðsluefni fyrir mig, þig, börnin og barnabörnin

Rannsóknarsjóður sildarútvegsins hefur styrkt á árunum 2013-2016 samtals 17 fræðslu- og kynningarverkefni í sjávarútvegi. Þar af er að mestu lokið við 11 verkefni og niðurstöður þeirra aðgengilegar öllum á vefnum. Jafnframt hefur Rannsóknarsjóður sildarútvegsins styrkt tvö doktorsverkefni. Rannsóknarsjóður sildarútvegsins hefur verið að styrkja fræðslu- og kynningarverkefni sem nýtast grunn- og framhaldsskólum, háskólum, atvinnulífnum og öllum áhugasömum um íslenskan sjávarútveg og lífríki hafsins.



Menntanet sjávarútvegsins

Verkefnum sem er lokið

Menntanetið

Lýsing: Vefsvæði sem gefur yfirlit yfir aðgengilegt fræðslu- og kynningarefni, námsleiðir og gagnlegar vefsíður innan sjávarútvegsins.

Afrakstur: [Menntanet sjávarútvegsins](#) sem er hýst hjá [Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi](#).

Markhópur: Grunn- og framhaldsskólar, háskólar og atvinnulíf.

Íslenskur sjávarútvegur - Auðlind úr hafinu á alþjóðamarkað

Lýsing: Átta rafbækur sem fjalla heildstætt um íslenskan sjávarútveg og vistkerfi hans; frá veiðum úr hafinu þar til afurðin er komin á disk kaupenda á alþjóðlegum mörkuðum. Hver bók er sjálfstæð.

Afrakstur: Ekki formlega lokið en bækurnar má finna á [Menntaneti sjávarútvegsins](#). Til umfjöllunnar er eftirfarandi: [Umhverfi Íslandsmiða](#), [Nytjafiskar við Ísland](#), [Ýmsar nytjalífverur við Ísland](#), [Skip og útgerð á Íslandi](#), [Veifarferi á Íslandsmiðum](#). Stjórnkerfi fiskveiða við Ísland. Vinnsla og afurðir. [Markaðir íslenskra sjávarafurða](#).



Markhópur: Framhaldsskólar og háskólar.

Gagnvirkt spjaldtölvuforrit um lífríki sjávar

Lýsing: Notendavænt og aðgengilegt netforrit sem nýtist við kennslu í náttúrufræði með áherslu á fiska og sjávarspendýr en einnig sem leikur fyrir alla.

Afrakstur: Netforrit sem sem er að finna á [kennsluvef ismennt.is](#)

Markhópur: Grunnskólar.




SjávarútvegsApp – Sjóarinn

Lýsing: Trillan er fræðsluvefur um íslenskan sjávarútveg. Líflegur og skemmtilegur spurningaleikur í formi smáforrits hefur einnig verið gefinn út, en þar má spreyta sig á þekkingu sinni á íslenskum sjávarútvegi.

Afrakstur: Sett hefur verið upp heimasíðan www.trillan.is þar sem má nálgast leikinn fyrir tölvur. Einnig er hægt að sækja appið Trillan í síma.

Markhópur: Grunnskólar.



Lífríkið í sjónum við Ísland

Lýsing: Erlendur Bogason kafari deilir með okkur frábærri þáttaröð um lífríkið í sjónum við Ísland. Stutt neðansjávarmyndbönd sem hafa að geyma sögur og myndir af fiskum og dýrum í sjónum.

Afrakstur: 40 neðansjávarmyndbönd sem er að finna á [YouTube](https://www.youtube.com/watch?v=3jz8m8k8k8k) og vefnum strytan.is

Markhópur: Grunn- og framhaldsskólar og allir sem hafa áhuga á lífríki sjávar.




Myndbönd um störf í uppsjávariðnaði – Verðmætasköpun með hátækni búnaði

Lýsing á verkefni: Sjónvarpsþættir um störf í uppsjávariðnaði sem kynna flest störf í ferlinu frá veiðum og vinnslu, auk starfa sem tengjast rekstri, stjórnun og markaðssetningu.

Afrakstur: Myndbönd aðgengileg á [YouTube](https://www.youtube.com/watch?v=3jz8m8k8k8k) og heimasíðu N4 sjónvarpsstöðvarinnar.

Markhópur: Framhaldsskólar og háskólar.



Sjómannaskólinn

Lýsing: Fræðslumyndband um veiðar og vinnslu fiskistofna á Íslandsmiðum. Línuveiðar, rækjuveiðar, botnfiskveiðar, nótaveiðar og frystitogari.

Afrakstur: Myndbandið er að finna á vimeo.com

Markhópur: Framhaldsskólar.



Inngangur að fisktækni

Lýsing: Fjölbreyttar og gagnlegar upplýsingar um framleiðslu sjávarafurða. Efnið hentar öllum þeim sem vilja fræðast um hvernig eigi að standa að framleiðslu sjávarfangs.

Afrakstur: Rafrænt eintak af Inngangi að fisktækni er að finna á vef Matís.

Markhópur: Framhaldsskólar og atvinnulíf.



Handbók um frystingu og þíðingu sjávarafurða

Lýsing: Hagnýtar upplýsingar um frystingu og þíðingu sjávarafurða.
Afrakstur: Rafrænt eintak af handbókinni [Frysting og þíðing](#) sem er að finna á vef Matís.

Markhópur: Framhaldsskólar og atvinnulíf.



Öryggi íslenskra sjávarafurða

Lýsing: Öryggi íslenskra sjávarafurða – hagnýtt fræðsluefni um uppbyggingu HACCP- kerfis.

Afrakstur: Rafrænt eintak af [HACCP bókinni](#) sem er að finna á vef Matís.

Markhópur: Framhaldsskólar og atvinnulíf.



Ferskfiskhandbókin

Lýsing: Hagnýtar upplýsingar um vinnslu á ferskum bolfiski frá veiðum í vöru.

Afrakstur: Rafrænt eintak af [Ferskfiskhandbókinni](#) á vef Matís.

Markhópur: Framhaldsskólar og atvinnulíf.

Verkefni í vinnslu

Íslenskur sjávarútvegur á 21. öld – Verðmæti úr hafinu

Lýsing: Útgáfa rafráttar og kennsluefnis með heildstæðri umfjöllun um sjávarnætur við Ísland. Markmiðið er að nemandinn skilji þau ferli sem leiða til þess að hafið við Ísland er jafn auðugt og það er og skilji ferlið frá veiðum úr hafinu þar til afurðin er komin til neytenda.

Afrakstur: Í vinnslu.

Markhópur: Grunnskólar.

Öryggi í fiskvinnslu

Lýsing: Myndbönd (8-10) um öryggis- og hreinlætismál í fiskvinnslu. Myndböndin verða þýdd á pólsku og ensku.

Afrakstur: Í vinnslu.

Markhópur: Framhaldsskólar og atvinnulíf.

Sjávarútvegur á Íslandi

Lýsing: 6 þættir, 10-15 mínútur hver og kennarahandbók. Til umfjöllunar verða eftirfarandi viðfangsefni; Saga sjávarútvegsins í árdaga, saga sjávarútvegsins á 20. öldinni, sjómennskan er ekkert grín, sjávarútvegsstofnanir og fiskveiðistjórnunarkerfi, nýsköpun og menntun í sjávarútvegi og fiskur er ekki bara slor – menning.

Afrakstur: Í vinnslu.

Markhópur: Framhaldsskólar.

Mengun sjávar

Lýsing: Vefrit með texta, skýringarmyndum, verkefnum og myndböndum. Til umfjöllunar verða eftirfarandi viðfangsefni; Loftslagsbreytingar og súrnun sjávar, olíumengun, efnamengun (þungmálmar, þrávirk lífræn efni, næringarefni), úrgangur (með áherslu á plast) og geislavirkni.

Afrakstur: Í vinnslu.

Markhópur: Grunn- og framhaldsskólar.

VERSTÖÐIN ÍSLAND 1 - 4 gerð aðgengileg í stafrænu formi

Lýsing: Að gera dýrustu og yfirgripsmestu sjávarútvegskvikmynd Íslendinga aðgengilega á diskum og til bíó- og netsýninga með kaflaskiptum valmyndum svo auðvelda megi notkun verksins t.d. í skólum. Framleiðslusögu myndarinnar haldið til haga með útgáfu bæklinga. Myndaflokkurinn jafnframt gerður aðgengilegur útendingum með þýðingu á ensku.

Afrakstur: Í vinnslu.

Markhópur: Grunn- og framhaldsskólar og háskólar.

NaNO námsefni – Náttúra, nýsköpun og tækni í sjávarútvegi

Lýsing: Námsefni um sjávarútveg sem vekur áhuga nemenda með því að fást við nútímaleg viðfangsefni tengd samspili atvinnulífs, vísinda, tækni, náttúru og samfélags. Námsefninu er ætlað að nýtast ólíkum námsgreinum, stuðla að samþættingu þeirra og vinna þvert á greinar, bóklegar og verklegar.

Afrakstur: Í vinnslu.

Markhópur: Grunn- og framhaldsskólar.